

Nd.

135. Frumvarp til laga

[104. mál]

um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Rétt til að kalla sig verkfræðinga eða heiti, sem felur í sér orðið verkfræðingur (civil-ingeniör, diplom-ingeniör), hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

2. gr.

Engum má veita leyfi það, er um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í verkfræði við fjöllistaskóla eða teknískan háskóla, sem stéttarfélag verkfræðinga hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags verkfræðinga hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu verkfræðistörf eigi skemur en sex ár, áður en lög nr. 24/1937 tóku gildi, leyfi til að kalla sig verkfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig verkfræðinga.

3. gr.

Rétt til að kalla sig húsameistara (arkitekt) hafa hér á landi þeir menn einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

4. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 3. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í byggingarlist við listaháskóla eða teknískan háskóla, sem stéttarfélag húsameistara hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags húsameistara hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu húsameistarastörf eigi skemur en 6 ár, áður en lög nr. 24/1937 tóku gildi, leyfi til að kalla sig húsameistara, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í fyrstu málsgrein þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsameistara.

5. gr.

Rétt til að kalla sig tæknifræðinga (ingeniör) eða heiti, sem felur í sér orðið tæknifræðingur, hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

6. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 5. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í tæknifræði frá teknískum æðri skóla, sem Tæknifræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig tæknifræðinga.

7. gr.

Ráðherra sker úr ágreiningi, sem rísa kann um notkun starfsheita, sem fela í sér orðið „ingeniör“.

8. gr.

Hver, sem kallar sig heiti, er leyfi þarf til samkv. lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum frá 1000 til 10000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 24 13. júní 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

Greinargerð.

Iðnaðarmálaráðuneytið hefur sent iðnaðarnefnd frumvarp þetta með tilmælum um, að nefndin kynnti sér það og flytti á yfirstandandi Alþingi, ef hún teldi sér það fært.

Nefndin hefur samþykkt að flytja frv., en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv. af hálfu ráðuneytisins:

Höfuðnámali þessa frumvarps er það, að hér er lagt til, að heitið tæknifræðingur verði tekið upp sem starfsheiti þeirra manna, sem nú nefnast iðnfræðingar, samkvæmt lögum nr. 24 13. júní 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga. Enn fremur, að tæknifræðingar megi nota orðið „ingeniör“ í sambandi við starfstítil sinn, en verkfræðingar noti samsvarandi erlent starfsheiti: „diplom-ingeniör“ eða „civil-ingeniör“.

Þar sem breyta þurfti meira en helmingi greina í lögum nr. 24/1937 vegna þessara nýmæla og annars, sem minna máli skiptir, sbr. 8.—9. gr., og auk þess fyrir sögn laganna, þótti henta betur að orða frumvarp þetta sem frumvarp til heildarlaga fremur en breytingu við lög nr. 24/1937.

Frumvarpið er samið að beiðni Tæknifræðingafélags Íslands, en bæði Verkfræðingafélag Íslands og Arkitektafélag Íslands hafa lýst andstöðu sinni gegn breytingum þeim, sem því fylgja.

Um 1. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. gr. laga nr. 24/1937, að því undanskildu, að felst er niður orðið „ingeniör“, sem nú er í 1. gr. laganna, á eftir orðinu „verkfræðingur“, en í staðinn kemur „diplom-ingeniör, civil-ingeniör“.

Flestir þeirra manna hér á landi, sem leyfi hafa fengið samkvæmt lögum nr. 24/1937 til að kalla sig iðnfræðinga, hafa lokið prófi í Danmörku, Noregi, Svíþjóð eða Þýskalandi frá tækniskólum, sem í þessum löndum útskrifa menn, sem þar mega nota starfsheitið „ingeniör“, en verkfræðingar nota þar titilinn civil-ingeniör eða diplom-ingeniör. Breyting sú, sem í þessari grein felst, er því aðeins sú, að hér á landi skuli þeim, sem lokið hafa prófi frá viðurkenndum tækniskólum erlendis, heimilt að bera það starfsheiti, sem þarlandir menn mega nota að loknu sama prófi.

Um 2.—4. gr.

Greinar þessar eru efnislega samhljóða 2.—4. gr. gildandi laga. Sex ára tíma-bilið í 2. mgr. 2. og 4. gr. miðast við gildistökudag laga nr. 24/1937 eins og nú.

Um 5. gr.

Lagt er til, að sérfræðingar þeir, er 5.—6. gr. fjalla um, fái lögvernd á starfsheitinu „tæknifræðingur“ í stað heitisins „iðnfræðingur“ nú.

Tæknimenntaðir menn, sem 5.—6. gr. taka til, hafa stofnað stéttarfélag, er þeir nefna Tæknifræðingafélag Íslands, og eindregið óskað eftir, að þessi breyting yrði gerð. Fyrirsvarsmenn félagsins halda því fram, að bann við að nota starfsheiti það, sem sams konar námi fylgir erlendis, hafi mjög dregið úr áhuga ungra manna hér á landi til tæknifræðináms erlendis. Enda þótt ekki sé lagður dómur á þessa skoðun, er ljóst, að skortur er hér tilfinnanlegur á tæknifræðingum (iðnfræðingum), en slík menntun er millistig milli menntunar verkfræðinga og fag-lærðra iðnaðarmanna. og við margs konar störf eru tæknifræðingar mjög nauðsynlegir.

Verkfræðingar munu nú vera nær fjórfalt fleiri en tæknifræðingar hér á landi, og er það hlutfall milli þessara starfsgreina mjög á annan veg en æskilegt er talið, miðað við reynslu annarra þjóða. Það ber því nauðsyn til að stuðla að því, að fleiri ungir menn leiti sér tæknifræðimenntunar.

Um 6. gr.

Grein þessi er að efni til hliðstæð 6. gr. gildandi laga, nr. 24/1937, en samræmd nýmælum 5. greinar frumvarpsins.

Um 7. gr.

Ekki er til þess ætlað, að tæknifræðingum sé heimilt að nota orðið „ingeniör“ þannig í samsettum starfsheitum, að valdið geti villu, og ekki þannig, að stæld séu þau heiti, sem verkfræðingar einir mega bera.

Ekki er unnt að sjá slíkt fyrir eða setja tæmandi ákvæði í lögum því til varnar, og er því lagt til, að ráðherra skeri úr ágreiningi, sem rísa kann um notkun orðsins „ingeniör“ í samsettum starfsheitum.

Um 8. gr.

Vegna breytinga á verðgildi peninga, frá því að gildandi lög voru sett, árið 1937, þykir rétt að hækka sektarákvæðin verulega.

Um 9.—10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.